

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins, fyrir árið 1991.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1991, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. mars 1991, með eindaga 1. júní 1991, verða sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgenskoðunartæki.</i>	
a) Föst tæki – myndataka	9 350,00
b) Föst tæki – skygging	12 450,00
c) Aukalampar	2 813,00
d) Færanleg tæki – myndataka	7 700,00
e) Færanleg tæki – skygging	9 350,00
f) Tannröntgentæki	6 900,00
g) Tannröntgentæki – aukatæki	3 450,00
h) Iðnaðarröntgentæki	7 700,00
2. <i>Geislalækningatæki</i>	20 800,00
3. <i>Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem slík efni eru notuð</i>	7 700,00
4. <i>Önnur geislataeki.</i>	
a) Nifteindatæki	27 400,00
b) Önnur tæki sem ekki falla undir lið 1-3:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	7 700,00
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	3 850,00
5. <i>Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.</i>	
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann	1 870,00
b) TLD-mælingar, fyrir hvern starfsmann	3 740,00

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, *má* flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 6 450,00. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 620,00.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 16 800,00. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fenginni tillögu stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gjalda á árinu 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.